



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólaráðsfundur í Skóla Ísaks Jónssonar 31. október 2018 kl 08:40 á kaffistofu skólans.

Mætt: Ragnar Jón Ragnarsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þóra Elísabet Kjeld, Daniel Haukur Leósson í 9 ára ÞEK og María Kristín Elísdóttir í 9 ára HP.

Dagskrá:

1. Fundartímar 2018-2019
2. Skólaárið 2018-2019
3. Fjármál
4. Skólalóðin
5. Önnur mál

Dagskráin getur tekið breytingum fram að fundi.

- 1. Fundartímar 2018-2019.** Ákveðið að halda fundartíma frá 08:40. Ekki verður fundað á föstudögum.
- 2. Skólaárið 2018-2019.** Sigríður fór yfir fjölda nemenda og stöðugilda við skólann.
- 3. Fjármál.** Ólafur Páll Snorrason foreldri við skólann gaf Ísaksskóla sparkvöllinn. Það kostar um það bil 7 milljónir að setja upp völlinn. Nýja húsið sem kemur á lóðina kostar 5,8 milljónir fyrir utan uppsetningu.
- 4. Skólalóðin.** Fulltrúar nemenda í skólaráði voru upplýstir um gang mála á skólalóðinni. Sigríður Anna sagði þeim frá byggingarframkvæmdum sem eru fyrirhugaðar á skólalóðinni og upplýsti þá um gang mála á fótboltavellinum. Í kringum völlinn verður sett upp þriggja metra há girðing. María minntist á körfuboltavöllinn og Sigríður Anna ætlar að lækka körfuna. Fulltrúar nemenda fóru af fundi 09:00.
- 5. Önnur mál.** Farið yfir persónuverndarlögin og fulltrúa skólans í persónuverndarráði: Sigríður Anna, Lára, Þóra Elísabet, Matthildur Vala og Ragnar Marteinn. Skólinn mun ekki nota samfélagsforrit til að halda um og kynna skólastarfið. Mentor og heimasíða skólans ásamt „One drive“ munu gegna því hlutverki. Þóra og Sigga ætla að finna litlar spjaldtölvur sem verða notaðar til að taka myndir af skólastarfi. Ragnar Jón lagði til að persónuverndarráð myndi útbúa verkferla.